



Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 20. september 2011

Mættir: Erla, Guðmunda, Guðmundur, Halldóra, Katrín og Kristín

Efni fundarins:

1. Gjaldkeri er komin með prókúru og heimabanka. Ákveðið að Jóna Guðrún varamaður hafi auka prókúru. Staða sjóðsins er kr. 221.875,- Stjórn sér um að fara yfir öll útgjöld mánaðarlega á fundum.
2. Formaður hefur gert verklagsreglur fyrir gjaldkera FFA (setja í handbókina)
3. Athuga möguleika á sölu buffa með merki skólans sem fjáröflun
4. Ákveðið að FFA borgi ekki pylsur á vorhátíð. (sjá lið 9.önnur mál á aðalfundi 24.05.11)
5. Yfirlit frá skólastjórnendum yfir félagslíf nemenda í skólanum sýnir að nóg er í boði fyrir eldri árganga skólans en minna fyrir yngri árganga sem kemur að mikilvægi bekkjarsamkoma á vegum bekkjarfulltrúa.
6. Ég og þú. Undirbúningur í fullum gangi. Námskeið f.1-3. bekk verður í október en 4.-7. bekk eftir áramót. Ákveðið að sleppa 8.-10. bekk í ár sbr. nægt framboð félagslífs á vegum skólans hjá þeim árgöngum. Kostnaður við námskeiðin verður að vera í lágmarki frá hendi skólans. Óskað verður aðstoðar frá foreldrum, Halldóra mun senda öllum foreldrum bréf þess efnis.
7. Fjárhagsáætlun er enn í vinnslu hjá formanni. Ákveðið að 8.-10 bekkir verði styrktir til þátttöku í Skólahreysti.
Í fyrra námu styrkir 230.000,- kr
Samþykkt að gefa gjöf að verðmæti 40.000,- kr sem nýtist nýju útikennslusvæði skólans.
Gjöfin verður ákveðin í samráði við skólann.
8. Ritari ætlar að hafa samband vegna þátt FFA í Korninu fréttablaði skólans.

Í framhaldi af þessum fundi var fundur með bekkjarfulltrúum. Mæting þar var góð. Farið var yfir hlutverk og markmið bekkjarfulltrúa og bekkjarmöppurnar kynntar. Umræður sköpuðust um skólamála bæði á grunn og framhaldskólastigi. Einhverjir bekkjarfulltrúar undirbyggju starf vetrarins.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir